

Reglur um stofnun á nýju starfi eða breytingu á núverandi starfi í Orra, þegar gerður er ráðningarsamningur.

Þegar verið er að meta hvort stofna eigi nýtt starf í mannauðskerfi eða breyta starfi, hjá starfsfólki sem er nú þegar í starfi hjá stofnun, þarf alltaf að horfa á málið út frá starfi, en ekki persónu. Í boði er að velja hvort stofnað verði nýtt starf eða ekki í Orra, þegar ráðning er flutt yfir úr ráðningarkerfi eða gerð beint í gegnum Samningsform í Aski og flutt þaðan yfir í Orra. Hafa skal eftirfarandi reglur í huga.

Nýtt starf – ráðningarsamningur/ samningsform:

- Það stofnast alltaf nýtt starf í mannauðskerfi þegar starfsfólk kemur til starfa á stofnun í fyrsta skipti.
- Alltaf skal stofna nýtt starf í Orra þegar um nýtt starf er að ræða hvort sem það er auglýst eða ekki og það er annað starf, þ.e. frábrugðið því starfi, sem starfsmaður er nú þegar í eða var í. Gott er að horfa á hvernig starfið er skilgreint samkvæmt starfsgreiningu og starfslýsingu.
- Alltaf skal stofna nýtt starf í Orra þegar starfsfólk skiptir um stéttarfélag og/ eða starfssamband t.d. þegar farið er úr tímavinnu í ótímabundna eða tímabundna ráðningu og öfugt.
- Alltaf skal stofna nýtt starf í Orra þegar nemandur hafa lokið námi og koma til starfa sem fagaðili, t.d. læknanemar.
- Meginreglan er að stofna nýtt starf þegar rof hefur orðið á ráðningu, þó má velja hvort stofnað er nýtt starf þegar nemandur eða afleysingafólk er að koma og fara í sama starfið.
- Við skipun í starf skal stofna nýtt starf, nema ef skipun er í framhaldi af tímabundinni setningu til reynslu í sama starfi.
- Í þeim tilfellum sem gerður er nýr ráðningarsamningur þegar starfsmaður flyst á milli skipulagseininga er æskilegt að stofna nýtt starf.

Breyting á núverandi starfi – ráðningarsamningur/ samningsform:

- Ekki skal stofna nýtt starf ef um áframhald á núverandi starfi er að ræða, þó svo að verið sé að breyta úr tímabundinni ráðningu í ótímabundna ráðningu og þó svo að starfið hafi verið auglýst. En ávallt skal gera nýjan ráðningarsamning.
- Ef um tímabundna ráðningu er að ræða, sem á að framlengja skal útbúa nýjan samning, ekki er nóg að gera breytingabeiðni (þó er hægt að nota formið Breytingabeiðni í kerfinu og þegar valið er að framlengja starf opnast samningsformið). Ekki er þörf á því að stofna nýtt starf.
- Velja má hvort gerð er breyting á starfi eða stofnað er nýtt starf þegar nemandur eða afleysingafólk er að koma og fara í sama starfið. En gera skal nýjan samning í hvert skipti.